

Sp.

124. Tillaga til þingsályktunar

[66. mál]

um sameiningu pósts og sima í Hafnarfirði og um stækkun sjálfvirku símstöðvarinnar þar.

Flm.: Emil Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta landssímamann nú þegar hefja byggingu nýrrar símstöðvar í Hafnarfirði, með það fyrir augum, að hægt verði að stækka sjálfvirku stöðina mjög verulega og koma þar fyrir póstaþgreiðslu bæjarins.

Greinargerð.

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði hefur með bréfi, dags. 3. þ. m., sem prentað er sem fylgiskjal I hér á eftir, sent mér ályktun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, þar sem óskað er eftir því, að ég flytji þingsályktunartillögu um úrbætur á símamálum Hafnarfjarðar. Einnig hef ég fengið frá póst- og símamálastjóra afrit af bréfi hans til fjárveitinganefndar, dags. 18. marz s. l., þar sem hann gerir grein fyrir hinni brýnu nauðsyn á stækkun sjálfvirku stöðvarinnar í Hafnarfirði og öðrum nýframkvæmdum landssímans, sem nauðsynlegar verða á næstu árum. Þetta bréf er einnig prentað hér á eftir, sem fylgiskjal II.

Eins og nánar er rakið í bréfi póst- og símamálastjóra, er ástandið í símamálum Hafnarfjarðar orðið algerlega óþolandi. Um 500 númer mun nú vanta þar, til þess að hægt sé að fullnægja eftirspurninni, eða 50% af öllum þeim númerum, sem nú eru í notkun. Er slíkt ástand algerlega óviðunandi og krefst bráðrar úrlausnar.

Í bréfi sínu bendir póst- og símamálastjóri á, að þetta tækifæri mætti þá einnig nota til að flytja póstin, sem nú er til húsa í ófullkomnu og of litlu leiguhúsnæði, og sameina þessar stofnanir, eins og lengi mun hafa staðið til, og því eru ákvæði um það einnig tekin upp í tillögunna.

Fylgiskjal I.

**HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐUR
BÆJARSTJÓRI**

Hafnarfirði, 3. desember 1958.

Hr. alþingismaður Emil Jónsson, Kirkjuvegi 7, Hafnarfirði.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hinn 2. des. s. l. var eftirfarandi ályktun bæjarráðs Hafnarfjarðar, frá 27. nóv. s. l., samþykkt:

„Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að óska eftir því við þingmann Hafnarfirðinga, að hann flytji þingsályktunartillögu um úrbætur á símamálum í Hafnarfirði.“

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,
Stefán Gunnlaugsson.

Fylgiskjal II.

PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN

18. marz 1958.

Hér með leyfi ég mér samkvæmt samtali við póst- og símamálaráðherra að skýra háttvirtri fjárveitinganefnd frá hinni brýnu nauðsyn á stækkun sjálfvirku stöðvarinnar í Hafnarfirði svo og aðkallandi stækkun sjálfvirku stöðvanna fyrir Reykjavík og Kópavog. Jafnframt fylgir yfirlit yfir helztu nýframkvæmdir landsímans, sem nauðsynlegar verða á næstu árum.

Árið 1932 var sett upp sjálfvirk stöð í Hafnarfirði fyrir 300 númer, sem var stækkuð 1946 í 500 númer og 1949 í 1000 númer, sem varla nægði þá. Síðan hefur þar við setið, enda leyfði símahúsið þar ekki frekari stækkanir. Beiðnir um nýja síma hafa hlaðizt þar upp óafgreiddar, og sumar eru orðnar 8 ára, og í lok þessa árs mun vanta þar um 500 númer, eða sem svarar helming þess, sem fyrir er. Símaskorturinn veldur að sjálfsögðu miklum örðugleikum fyrir þá einstaklinga og fyrirtæki, sem vantar síma vegna atvinnu sinnar. Lausn þessa máls hefur dregizt vegna hinna miklu framkvæmda í Reykjavík undanfarið, en nú virðist alveg óhjákvæmilegt, að tekin verði ákvörðun um undirbúning framkvæmda þar, enda er afhendingarfrestur á stöðvaefni 2 ár, og ný húsbygging tekur líka tíma.

Í fyrstu var fyrirhugað að reisa viðbyggingu við gamla símahúsið í Hafnarfirði í þessu skyni, og var áætlað, að hún kostaði rúmlega 1 millj. króna. Við nánari athugun telst réttara að byggja alveg nýtt hús, bæði fyrir póst og síma og á betri stað í bænum, en að selja svo gamla símahúsið, þannig að heildarkostnaðurinn að frádregnu söluverði gamla hússins yrði svipaður og við viðbygginguna.

Pósturinn er nú í leiguhúsnæði, sem er orðið of lítið, og væri þannig hægt að leysa það mál samtímis hinu.

Fasteignamat gamla hússins með lóð er kr. 192700.00, og má væntanlega selja það fyrir 600000—700000 kr., en hið nýja póst- og símahús er áætlað að kosta 1¼—2 millj. kr.

Það virðist að ýmsu leyti hentugra að setja upp alveg nýja sjálfvirka stöð í Hafnarfirði fyrir 1800 númer í stað þess að bæta 800 númerum við gömlu stöðina og nota efnið úr gömlu stöðinni (1000 nr.) til nýrrar stækkunar í Reykjavík, sem verður orðin mjög aðkallandi á svipuðum tíma og hin kemst upp. Í byrjun árs 1959 vantar, eins og áður er sagt, 500 númer í Hafnarfirði, og ekkert verður þá laust af númerum í Reykjavík. Að jafnaði bætast árlega við 70 umsóknir í Hafnarfirði og 800 umsóknir í Reykjavík. Efni í sjálfvirkar stöðvar, sem yrði pantað í sumar, yrði ekki komið til landsins fyrr en sumarið 1960 og uppsetningu lokið um áramótin þar á eftir. Þá mun koma til að vanta 640 númer í Hafnarfirði og 1600 númer í Reykjavík/Kópavogi, og þetta mundi aukast með hverju ári. Til þess að halda nokkurn veginn í horfinu og komast hjá, að umsækjendur þyrftu að bíða lengur en 1—2 ár eftir síma, hafa verið gerðar áætlanir um eftirfarandi stækkanir:

Hafnarfjörður aukning 1960—1961 800 nr.

Reykjavík—Kópavogur aukning 1961 1000 nr., 1962 1500 nr.,

1964 2000 nr.

Samanburður á símanúmeraþörf og stöðvarbúnaði liti þá þannig út:

Hafnarfjörður:	1958	1959	1960	1961	1962	1963	1964
Símanúmeraþörf	1500	1570	1640	1710	1780	1850	1920
Stöðvarbúnaður, númerafjöldi ..	1000	1000	1000	1800	1800	1800	1800
Númeraskortur	500	570	640	—	—	50	120
Reykjavík—Kópavogur:							
Símanúmeraþörf	17500	18300	19100	19900	20700	21500	22300
Stöðvarbúnaður, númerafjöldi ..	17500	17500	17500	18500	20000	20000	22000
Númeraskortur	—	800	1600	1400	700	1500	300

Fyrir utan þá hlið málsins, sem veit að símanotendum, sem bíða mörg ár eftir síma, er það mjög óhentugt að framkvæma stækkanir í of stórum skrefum, bæði vegna örðugleika á fjáröflun stórra upphæða og vegna takmarkaðs fjölda sérfróðra starfsmanna, þannig að þá verður ekki komið hjá mjög mikilli yfirvinnu þeirra og jafnvel aðstoð erlendra manna við uppsetninguna. Ef stækkanir eru hins vegar framkvæmdar í minni skrefum, annað hvert ár eða svo á hverjum stað, verður allt miklu auðveldara, og stofngjöld og rekstrargjöld bæjarsímans gætu þá að mestu staðið undir kostnaðinum án sérfrjárveitinga.

Stofnkostnað við sjálfvirkan stöðvarbúnað má í stórum dráttum reikna kr. 4000.00 pr. númer (þar af helmingur í erlendum gjaldeyri) og 4000—5000 kr. í tilheyrandi jarðsimalagnir (þar af 25% í erl. gjaldeyri), eða samtals 8000—9000 kr. pr. númer. Stofngjald er nú kr. 1800.00 pr. númer í Reykjavík og Hafnarfirði eða nærri 20% af stofnkostnaðinum. Þetta getur þó verið nokkuð breytilegt, sérstaklega við jarðsimalagnir, því að þær blandast mikið inn í jarðsimalagnir vegna flutninga símanotenda, en rúmlega 1000 símanotendur flytja árlega í Reykjavík, og krefst það oft mikilla jarðsimalagna í ný hús.

Hinn jafni vöxtur á símaþörfinni í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði um 870 ný númer á ári svarar til meðalfjárvestingar árlega um 7½ millj. króna. Ef mörg ár liða á milli framkvæmda, hefnir það sin með fjárhagsörðugleikum síðar og meiri heildarkostnaði, auk þess tjóns, sem langur dráttur á að fá síma veldur atvinnulífínu.

Af nefndri 7½ millj. kr. fást um 1½ millj. kr. með stofngjöldum, en þær 6 millj. kr., sem eftir eru, hefur rekstrinum yfirleitt verið ætlað að bera (með auknum tekjum af afnotagjöldum), ef framkvæmdir geta verið nokkurn veginn jöfnum höndum við þörfina.

Þegar síðasta stækkun í Reykjavík fór fram, höfðu nærri áratugs þarfir safnast saman, og var því um mikið átak að ræða með sérfrjárveitingum, lánum og miklum afborgunum í fleiri ár. Hafnarfjörður er að ná sama biðtíma eftir síma, og verður stækkun þar því nokkuð örðug.

Lausleg áætlun hefur verið gerð um stækkunarframkvæmdir í Hafnarfirði, Reykjavík og Kópavogi á næstu árum samkvæmt áður nefndum ráðagerðum (Hafnarfjörður um áramót 1960—1961, Reykjavík (1000 nr.) 1961, Kópavogur 1962 og Reykjavík 1963), og fer hún hér á eftir:

	1959 kr.	1960 kr.	1961 kr.	1962 kr.	1963 kr.
Hús í Hafnarfirði	350000	1150000	200000	-	-
Hús í Kópavogi	-	-	500000	500000	-
Sjálfvirkur búnaður í Hafnarf., Rvík og Kópavogi	-	2000000	4000000	3000000	5400000
Jarðsímar á sömu stöðum	3500000	3500000	3500000	3500000	3500000
Kr.	3850000	6650000	8200000	7000000	8900000
Á móti kemur:					
Sala gamla hússins í Hafnarfirði ..	-	-	600000	-	-
Stofngjöld	1000000	1000000	3800000	3700000	4600000
Aukin afnotagj. v. nýrra notenda frá ½ '58 að frádr. aukn. rekstrarkostn.	2000000	2000000	2800000	4000000	5000000
Samtals kr.	3000000	3000000	7200000	7700000	9600000

Þess má geta, að afborgunum vegna undanfarinnar stækkunar lýkur árið 1961 (afb. og vextir af því eru 1959 4500000 kr., 1960 3800000 kr. 1961 2800000 kr.), og verða árin eftir 1961 léttari fyrir bæjarsímann þess vegna, en árið 1960 verður örðugt.

Meðfylgjandi afrit af áætlun um helztu nýframkvæmdir landssímans næstu árin, sem var send póst- og símamálaráðherra fyrir skömmu, sýnir, hvað póst- og símamálastjórnin telur mest aðkallandi svo og í hvaða röð framkvæmdirnar eru hugsaðar og hvernig fjár til þeirra hugsast aflað.

Þessi áætlun þarfnast að sjálfsögðu margra skýringa, en hér skal aðeins dregið á fáein atriði.

Æskilegt hefði verið að ljúka þessum framkvæmdum fyrr en áætlunin gerir ráð fyrir, en ekki hefur verið talinn fjárhagslegur möguleiki til þess án stórlána til lengri tíma.

Um sum húsanna mun hafa verið rætt áður, svo sem í Keflavík (ásamt smá- vélahúsum í Sandgerði og Grindavík), nauðsynleg vegna sjálfvirku stöðvarinnar þar, sem er í pöntun. Húsinu á Akranesi var lítils háttar byrjað á á síðasta ári, og er fyrningarsjóði landssímans ætlað að lána fé til þess ásamt húsi á Eskifirði (gamla húsið þar er alveg ónýtt) og húsi á Ólafsfirði (þar er nú alveg óviðunandi leiguhúsnæði, sem margbúið er að segja upp af eigandanum). Fjárveiting er á fjárlögum yfirstandandi árs til byrjunar á húsi á Raufarhöfn. Um hús í Hafnarfirði hefur verið rætt hér að framan. Varðandi hús í Grafarvogi má geta þess, að landssíminn keypti þar lóð (ásamt vegagerð ríkisins) fyrir birgðageymslu, enda þarf hann á næstu árum að rýma loftskæptastöðvarlóðina í Reykjavík, þar sem allar stærri birgðir hafa verið geymdar að undanfögnu. Á Hvammstanga hefur póstur og sími leiguhúsnæði á tveim stöðum, og er það orðið allt of þröngt. Kópavogshúsið er miðað við, að þar verði sett um sjálfvirk stöð 1962, eins og áður er lýst.

Gamla húsið á Selfossi er að verða of lítið og leyfir ekki eðlilega framþróun þar og þarfnast bráðlega viðbyggingar. Í Vík er ófullnægjandi leiguhúsnæði, sem ekki leyfir rúm fyrir nein ný tæki, svo sem fjölsíma o. þl., og í Þórshöfn er leigt í enda á bragga. Viðbyggingin á Ísafirði er hugsuð vegna fyrirhugaðrar sjálfvirkrar stöðvar þar.

Varðandi sjálfvirku stöðvarnar hefur verið talið, að nauðsynleg stækkun þeirra, sem fyrir eru, ætti að ganga fyrir slíkum stöðvum á nýjum stöðum, a. m. k. þar sem unnt er að stækka handvirku skiptiborðin í nokkur ár og því hægt að bíða með að reisa nýja stöð. Auk þeirra stækkana á sjálfvirkum stöðvum í Hafnarfirði, Reykjavík og Kópavogi, sem áður er lýst, er að verða brýn nauðsyn á stækkun sjálfvirku stöðvarinnar á Akureyri, og er heildarkostnaðurinn við það áætlaður um 800000 kr., sem stofngjöld og auknar tekjur af afnotagjöldum geta borið.

Sjálfvirk stöð fyrir Keflavík og nágrenni er í pöntun. Næst í röðinni virðist Akranes standa, bæði vegna þess að þar er mjög ör þróun og möguleikar á stækkun handvirka borðsins þar eru alveg að tæmast, og svo að þar er fjárhagslega hagkvæmt að setja sjálfvirka stöð vegna hinna mörgu símastúlkna, sem handvirk afgreiðsla krefst. Auk þess er þar auðvelt að ná til sérfróðrar aðstoðar frá Reykjavík.

Næst kæmi röðin að Vestmannaeyjum og Ísafirði, og er verið að ljúka áætlunum fyrir sjálfvirkar stöðvar þar í sambandi við framkomnar þingsályktunartillögur þar að lútandi.

Á þessu stigi er áætlað, að sjálfvirk stöð í Vestmannaeyjum kosti allt að 6 millj. kr. og fyrir Ísafjörð einan 4½ millj. kr., en ef Hnífsdalur, Bolungavík og Súðavík eru talin þar með ásamt sjálfvirkum sambandi þeirra á milli, færi kostnaðurinn upp í 8 millj. kr. Í þessum upphæðum er fólgin sjálfvirkur búnaður á stöðvunum, talfæri hjá notendum og nauðsynlegir jarðsímur.

Um radiofjölsíma og línufjölsíma er það að segja, að þeir eiga að leysa hinn mikla skort, sem er á nægilega mörgum talrásum til fjarlægustu landshluta og þeirra á milli, og hindra, að menn þurfi dögum saman að bíða eftir símtölum á þeim árstíma, er þörfin er mest, eins og hefur verið undanfarin sumur.

Þar sem afgreiðslutími á efni til sjálfvirkra stöðva er 2 ár og á stærri fjölsímum 1½ ár og uppsetning tekur talsverðan tíma, þarf að taka afstöðu til framkvæmda allöngu áður en þeim á að ljúka.

Umsögn um þingsályktunartillögurnar með nánari upplýsingum um þetta mál verður send bráðlega.

G. Briem.